

Fundargerð 28. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 11. febrúar 2015
Fundartími: 19:00 – 20:00
Fundarmenn: Margrét Jónsdóttir, varaoddviti
Svanhvít Hermannsdóttir
Stefán Geirsson í forföllum Árna Eiríkssonar
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Til fundarins mætti einnig Gísli Gíslason landslagsarkitekt

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

1. Athugasemdir við landsskipulagsstefnu.

Á vinnufundi sveitarstjórnar Flóahrepps sem haldinn var 5. febrúar var Gísli Gíslasyni falið að stilla upp athugasemdum við landsskipulagsstefnu. Til grundvallar lágu minnispunktar frá fundinum.

Eftirfarandi tillaga að erindi sem inniheldur athugasemdir, hefur verið kynnt sveitarstjórn rafrænt og er nú lögð fram til umræðu:

Efni: Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Flóahreppur hefur kynnt sér tillögu að landskipulagsstefnu fyrir 2015-2026, sem hefur verið í kynningarferli síðustu vikur.

Mikilvægt er að það komi skýrt komi fram að sveitarfélögin fari með skipulagshlutverkið á öllu landi innan staðarmarka viðkomandi sveitarfélags þ.m.t. á miðhálandinu. Lagt er til að bætt verði við ákvæðum í landsskipulagsstefnu þar sem sveitarfélögin verði hvött til þess að marka samræmda stefnu um landnotkun yfir sveitarfélagamörk, eftir atvikum í formi svæðisskipulags. Flóahreppur tekur undir marga sem kemur fram í fyrirlieggjandi drögum að landsskipulagsstefnu, en vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum:

Miðhálandi Íslands

Eðlilegt er að gera skýra grein fyrir sveitarfélagamörkum í landsskipulagsstefnu þar sem aðalskipulag sveitarfélaganna tekur yfir skipulag á miðhálandinu þegar landsskipulagsstefnan tekur gildi og svæðisskipulag miðhálandis hefur verið fellt niður.

Flóahreppur telur að héraðsáætlanir Landgræðslunnar um beitarnýtingu á afréttum hafi óeðlilega hátt vægi eins og sett er fram í kafla 1.1.2; „*Skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggja á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins*“. Lögð er áhersla á að þessari grein verði breytt þannig að komi skýrt fram að bændur verði áfram þátttakendur í skipulagi beitar á afréttum á miðhálandinu. Þá ætti að gera grein fyrir því í landsskipulagsstefnu að

sveitarfélögin fari með óbeinan eignarrétt þeirra sem eiga beitarrétt á miðhálandinu á grundvelli úrskurða Óbyggðanefndar. Eðlilegt er að hnykkja á að nytjaréttur haldist á miðhálandi Íslands.

Byggðin/dreifbýli

Tekið er undir mikilvægi þess að flokka landbúnaðarland eftir gæðum og stuðla að því að besta landið verði tekið frá til framtíðar til landbúnaðarnota, sbr. kafla 2.3.1 og 2.3.2. Lögð er áhersla á að ekki verði um of ítarlega flokkun að ræða og að fyrst og fremst sé verið að horfa til ræktunarhæfni lands.

Á hinn bóginn verði ekki settar of strangar skorður við nýtingu annars lands, s.s. vegna þéttingar byggðar og skógræktar.

Í kafla 2.1.1 kemur fram að í dreifbýli eigi fjölgun íbúða fremur að tengjast búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Að mati Flóahrepps styrkir þétting byggðar í dreifbýli núverandi byggð og gildir þá einu hvort íbúar vinni við búrekstur að einhverju tagi eða eitthvað annað. Þétting byggðar styrkir byggðina almennt, gerir veitu- og dreifikerfi hagkvæmari og stuðlar að hækkun þjónustustigs fyrir þá byggð sem fyrir er.

Í aðalskipulagi Flóahrepps er gert ráð fyrir þéttingu byggðar í litlum kjörnum (e.k. búgarða-byggð) þar sem heppilegar aðstæður eru fyrir hendi, en ávallt er nokkur eftirspurn eftir búsetu í dreifbýli. Stór hluti þeirra sem búa í dreifbýli í dag stundar aðra vinnu en hefðbundin landbúnaðarstörf. Í þessu sambandi er tekið undir mikilvægi þess að tryggja gott fjarskiptakerfi í dreifbýli til þess að skapa sem best skilyrði fyrir fjarvinnslu, en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag, sbr. kafla 2.7.1 og 3.6.1.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026, dags. 29. janúar 2015

Gerðar voru smávægilegar breytingar á textanum og sveitarstjóra falið að undirrita erindi á grundvelli bókunarinnar hér á undan og senda athugasemdirnar inn fyrir hönd Flóahrepps. Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Umsókn um stofnun lóðar.

Vitnað er í bókun sveitarstjórnar frá 3 desember, 15. a.þar sem óskað var eftir samþykki sveitarstjórnar á stofnun 80.890 m² lóðar 1A, úr landi Langholts 1.

Þar sem ekki hafa komið fram skriflegar athugasemdir við lóðablaðið sem lá fyrir fundinum 3. desember og fylgdi með beiðni um stofnun lóðarinnar, felur sveitarstjórn Flóahrepps skipulagsfulltrúa að stofna lóðina á grundvelli fyrirbyggjandi lóðablaðs. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til landamerkja.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:00

Margrét Jónsdóttir, (sign)
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)
Stefán Geirsson (sign)
Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)
Elín Höskuldsdóttir (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir, (sign)

